

## REGLUGERÐ

### um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2015 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

#### 1. gr.

##### *Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.*

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Ríkissjóður veitir árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða til þess að ná því markmiði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2015 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

#### 2. gr.

##### *Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.*

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarlífeyrisskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. máls.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

#### 3. gr.

##### *Úthlutun fjárframlags árið 2015.*

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2015 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2014 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2014 samtals kr. 1.015.399.018.240 og er áætlað fjárframlag ársins 2014 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 3.300.046.809 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	32.010.454	0,970%
Eftirlaunasjóður FÍA	11.649.165	0,353%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	561.008	0,017%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L050EsH	4.323.061	0,131%
Eftirlaunasj. starfsm. Útvegsbanka Íslands	907.513	0,028%
Festa lífeyrissjóður	323.685.091	9,809%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	155.069.200	4,699%
Gildi lífeyrissjóður	1.120.415.392	33,952%

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Íslenski lífeyrissjóðurinn	15.048.213	0,456%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L140LsA	2.079.030	0,063%
Lífeyrissjóður bankamanna - aldur	20.889.296	0,633%
Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfall	20.179.786	0,612%
Lífeyrissjóður bænda	11.434.662	0,347%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	23.380.832	0,709%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L510LsN	627.009	0,019%
Lífeyrissjóður Rangæinga	22.077.313	0,669%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarkaupstaðar	3.201.045	0,097%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	2.425.534	0,074%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L600LsH	1.336.519	0,041%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	1.171.517	0,036%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	20.988.298	0,636%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	165.530.348	5,016%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	98.836.402	2,995%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	59.136.839	1,792%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	18.150.257	0,550%
Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L700LsV	2.211.031	0,067%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1.320.019	0,040%
Lífsverk, lífeyrissjóður	5.329.576	0,162%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	440.457.248	13,347%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	58.163.325	1,763%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	77.584.101	2,351%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	90.536.784	2,744%
Stafir lífeyrissjóður	78.673.116	2,384%
Stapi lífeyrissjóður	345.663.403	10,475%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	64.994.422	1,970%
<b>Samtals</b>	<b>3.330.046.809</b>	<b>100,000%</b>

Við greiðslu fjárframlags ársins 2016, í október 2016, skal endurreikna, og leiðrétta ef þörf er á, fjárframlag ársins 2015 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2014.

#### 4. gr.

##### *Leiðrétting fjárframlags ársins 2014.*

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2013 er kr. 948.696.189.180. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2013 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1045/2014, um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2014 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2013 er kr. 926.198.870 til hækkunar. Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2014 nam 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðrétting fjárframlags ársins 2014, frá því sem það var ákvarðað með reglugerð nr. 1045/2014, nemur því samtals kr. 3.010.146, til hækkunar. Áætlað fjárframlag ársins 2015 eins og það er ákvarðað skv. 3. gr. hækkar um þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	34.736	1,154%
Eftirlaunasjóður FÍA	10.164	0,338%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	500	0,017%
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupstaðar (Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L050EsH)	4.356	0,145%

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Eftirlaunasj. starfsm. Útvegsbanka Íslands	877	0,029%
Festa lífeyrissjóður	306.502	10,182%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	123.434	4,101%
Gildi lífeyrissjóður	1.084.665	36,034%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	15.064	0,500%
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L140LsA)	2.345	0,078%
Lífeyrissjóður bankamanna - aldur	19.113	0,635%
Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfall	18.925	0,629%
Lífeyrissjóður bænda	12.349	0,410%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	22.397	0,744%
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar (Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L510LsN)	503	0,017%
Lífeyrissjóður Rangæinga	18.247	0,606%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarkaupstaðar	2.754	0,092%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	2.665	0,089%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupstaðar (Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L600LsH)	1.448	0,048%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	1.380	0,046%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	22.976	0,763%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	132.641	4,406%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	97.068	3,225%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	50.542	1,679%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	16.043	0,533%
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar (Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaganna-B L700-LsV)	1.963	0,065%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1.054	0,035%
Lífisverk, lífeyrissjóður	4.897	0,163%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	296.781	9,859%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	57.035	1,895%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	74.521	2,476%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	91.296	3,033%
Stafir lífeyrissjóður	73.299	2,435%
Stapi lífeyrissjóður	345.164	11,467%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	62.442	2,074%
<b>Samtals</b>	<b>3.010.146</b>	<b>100,000%</b>

5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi eldri reglugerðir sama efnis.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 25. nóvember 2015.*

F. h. r.

**Lilja Sturludóttir.**


---

*Anna V. Ólafsdóttir.*